



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

149. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn miðvikudaginn 27. september og hófst hann kl. 18:00. Mættir: Ægir Sigurðsson, skólameistari, Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar, Eggert Ólafsson, Jón Gunnarsson, Guðjón Kristjánsson, Bogi Hallgrímsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðjón Sigurbjörnsson, Sturlaugur Ólafsson, aðstoðarskólameistari, Þór Stefánsson, fulltrúi kennara, Gunnar M. Jónsson, fulltrúi nemenda og Jón Sæmundsson, fjármálastjóri og fundarritari.

Gestir: Svavar Gestsson, Menntamálaráðherra, Gerður Óskarsdóttir, ráðunautur og Karl Kristjánsson, fulltrúi.

1. Formaður skólanefndar, Guðmundur Björnsson setti fundinn og bauð hann fundarmenn og gesti velkomna. Ýmsar fyrirspurnir voru lagðar fyrir ráðherra og samstarfsfólk hans varðandi fyrirhugaða yfirtöku ríkisins á rekstri skólans um næstu áramót. Það kom greinilega fram að ýmislegt í þeim efnum er of skammt á veg komið og kvaðst ráðherra kvíða þessari breytingu.

Ráðherra og samstarfsfólk hans dvöldu á fundinum um 20 mínútur.

Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar þakkaði þeim komuna og síðan var gengið til dagskrár.

2. Fjármál.

Jón Sæmundsson, fjármálastjóri skýrði frá ýmsu sem varðar fjármál skólans.

a) Lagði fram ljósrit af bréfi dags. 30. ágúst s.l. til S.S.S. frá F.S. þar sem vakin er athygli á minnkandi fjárframlögum ríkisins til skólans að upphæð ca. 4.6 m kr. á þessu ári.

b) Lagði fram bréf dags. 26. september frá S.S.S. þar sem vitnað er í eftirfarandi bókun stjórnarfundar S.S.S. frá 22. september s.l. "Stjórn S.S.S. telur ekki ástæðu til að breyta fjárhagsáætlun vegna þessa, en að F.S. leysi þessi mál með lántöku eða á annan hátt þar til uppgjör ársins 1989 hefur farið fram".

c) Lagði fram ljósrit af bréfi dags. 1. september til S.S.S. frá F.S. þar sem vakin er athygli á ýmsum rekstrarliðum skólans, sem eru undanþegnir þátttöku ríkissjóðs og S.S.S. þarf að taka afstöðu til sem fyrst.

d) Skýrði stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum við F.S. miðað við 1. september s.l. það kom fram að skuld sveitarfélaganna við skólann er kr. 3.290.878.- en til samanburðar kr. 794.876.- um síðustu áramót. Fjármálastjóri lýsti áhyggjum sínum varðandi þróun þessara mála.

e) Lagði fram skýrslu yfir rekstrarstöðu skólans. Ljóst er að skólinn á óráðstafað rúmlega þriðjung þess fjár, sem fjárhagsáætlun S.S.S. gerir ráð fyrir.

Samþykkt að fjármálastjóri kanni möguleika á lántöku í lok ársins, og munu sveitarfélögin koma til með að greiða lánið.

3. Uppsagnir.

Guðmundur Björnsson ræddi um nauðsyn þess að segja upp starfsfólki skólans fyrir næstu mánaðamót vegna yfirtöku ríkisins á rekstri skólans um næstu áramót. Samþykkt að fela Guðmundi Björnssyni og Ægi Sigurðssyni framkvæmd þessa máls. Skólanefnd samþykkti innihald uppsagnarbréfsins sem sent verður starfsfólki skólans.

4. Húsnæðismál.

Guðmundur Björnsson lagði fram bréf til S.S.S. en það er ítrekun á fyrri bréfum um sama efni og fjallar um framtíðarhúsnæði F.S. Samþykkt að senda bréfið.


5. Trúnaðarmál.


6. Önnur mál.

a) Þór Stefánsson sækir um skipun í starf kennara við skólann. Samþykkt að mæla með skipun Þórs við Menntamálaráðuneytið.

b) Ægir Sigurðsson ræddi um nýstofnaðan menningarsjóð við F.S. Tekjur hans eru kr. 300.- á önn fyrir hvern nemanda í dagskóla. Ægir lagði til að kosin yrði stjórn til að fara með málefni sjóðsins og í henni ættu sæti: Skólameistari, 1 frá nemendum sem kosinn yrði á aðalfundi nemendafélagsins og 1 frá kennurum sem kosinn er á kennarafundi. Samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið.


Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.


Jón Sæmundsson,
fjármálastjóri og fundarritari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 27. september 1989.

Eins og þér er eflaust kunnugt verður sú breyting gerð á rekstri framhaldsskóla um næstu áramót að ríkið tekur alfarið við honum. Þetta er gert samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 57/1988, og lögum um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988, sbr. lög nr. 107/1988.

Frá og með næstu áramótum verða því allir sem starfa við framhaldsskólann að ríkisstarfsmönnum.

Í meðfylgjandi bréfi kemur fram að Menntamálaráðuneytið mun bjóða hlutaðeigandi starfsmönnum sambærileg störf frá og með 1. janúar 1990.

Með bréfi þessu er þér því sagt upp starfi þínu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og er miðað við að þú látir af störfum 31. desember 1989.

Um leið og við þökkum þér fyrir gott starf í þágu Fjölbrautaskóla Suðurnesja væntum við þess að skólinn megi njóta góðs af starfskröftum þínum á komandi árum.

Ef óskað er frekari upplýsinga hafið þá samband við skólameistara.

**Virðingarfyllt,
fyrir hönd Fjölbrautaskóla Suðurnesja,**

Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.

Ægir Sigurðsson,
skólameistari.

Bréfið mótttekið þann: _____



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Rosmhvalanesi 22. september 1989.

F U N D A R B O ð.

Boðað er til fundar í skólanefnd FS miðvikudaginn
27. september 1989 og hefst hann kl. 18:00 í stofu 212.

D a g s k r á:

1. Haustönn 1989.
2. Fjármál.
3. Uppsagnir.
4. Húsnæðismál.
5. Mál Sigurðar Erlendssonar.
6. Önnur mál.

Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.

ath. Fundur verður miðvikudaginn 27. september 1989
kl. 16:00 um INNRA STARF framhaldsskóla og
mun Menntamálaráðherra mæta á þann fund.